

Viðbótarumsögn Landssamtakanna Proskahjálpar um frumvarp til laga um þjónustu við fatlað fólk með miklar stuðningsþarfir (Þingskjal 571 — 438. mál).

22. ágúst 2018

Landssamtökin Proskahjálpar vísa til umsagnar sinnar frá 12. maí sl. um ofangreint lagafrumvarp sem hefur verið send velferðarnefnd. Samtökin leggja ríka áherslu á að Alþingi samþykki frumvarpið svo skjótt sem verða má til að unnt sé að fara að undirbúa innleiðingu laganna með markvissum hætti fyrir gildistöku þeirra 1. janúar nk., m.a. ákvæði þeirra um notendastýrða persónulega aðstoð.

Þá vilja samtökin áréttta eftirfarandi.

Mjög nauðsynlegt er að enginn vafi sé eða verði á því að sú framkvæmd og sú þjónusta sem mælt er fyrir um í frumvarpinu sé og verði nægilega fjármögnuð og að mjög skýrt verði hver ábyrgð ríkis og sveitarfélaga sé í því sambandi. Allt of oft hefur óljós ábyrgðar- og verkaskipting ríkis og sveitarfélaga leitt til togstreitu og réttaróvissu sem hefur valdið töfum og dregið úr gæðum þjónustunnar og hefur það bitnað mjög á fötluðu fólki sem á rétt til þjónustunnar og þarf nauðsynlega á henni að halda.

Þá vill Proskahjálpar vekja sérstaka athygli á að stjórnvöld hafa ekki enn þá uppfyllt skyldur sínar hvað varðar húsnæði og þjónustu gagnvart 7 einstaklingum sem enn þá búa á Kópavogshæli og fá þjónustu sem fjármögnuð er í gegnum Landspítalann. Samtökin leggja mikla áherslu á að úr þessu verði þegar bætt og að þessum einstaklingum verði þegar tryggð sömu réttindi, búsetuskilyrði og réttarstaða, m.a. hvað varðar einkarými, fjármögnun þjónustu og öðru fötluðu fólki, eins og skylt er samkvæmt lögum.

Þá benda samtökin á að nýlegir dómur í málum sem varða réttindi fatlaðs fólks sýna svo ekki verður um villst að bráðnauðsynlegt er að mun skýrar verði mælt fyrir um réttindi þess í lögum og hvert innihald réttindanna er og hvaða skyldur ríki og sveitarfélög bera til að framfylgja þeim og vernda.

Í þessu sambandi og með vísan til þess að í stefnuýfirlýsingu ríkisstjórnarinnar segir: „Ríkisstjórnin mun styðja dyggilega við innleiðingu á samningi Sameinuðu þjóðanna um réttindi fatlaðs fólks“ vilja Landssamtökin Proskahjálpar hvetja velferðarnefnd til að beita sér fyrir að **samningur Sameinuðu þjóðanna um réttindi fatlaðs fólks verði tekinn í íslensk lög**, eins og gert var með Barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna með lögum nr. 19/2013.

Með því að lögfesta samninginn verður mannréttindum fatlaðs fólks veitt aukin vernd og réttaröryggið eykst. Fatlaður einstaklingur getur þá borið ákvæði samningsins fyrir sig sem

ótvíræða réttarreglu fyrir dómi eða stjórnvöldum. Lögfesting mun vekja jafnt almenning og þá sem fjalla um málefni fatlaðs fólks fyrir dómstólum, í stjórnsýslu og við undirbúning að laga-setningu, til frekari vitundar um mannréttindi fatlaðs fólks og þá virðingu sem verður að ætlast til að þeim sé sýnd í réttarríki. Lögfesting samningsins um fatlað fólk mun og auka, á alþjóða-vettvangi, traust á virðingu íslenska ríkisins fyrir mannréttindum fatlaðs fólks.

Nýlegar niðurstöður dómstóla í málum, þar sem reynt hefur á mannréttindi fatlaðs fólks og þá vernd sem hún nýtur samkvæmt túlkun þeirra á íslenskum lögum, sýna svo ekki verður um villst að mjög mikil þörf er á að taka samninginn í lög svo skjótt sem verða má.

Þess má geta að fyrir síðustu alþingiskosningar kváðust stjórnmalaflokkar, sem nú hafa meirihluta þingmanna á bak við sig, telja rétt að taka samninginn í íslensk lög þegar þroskahjálp spurði þá um afstöðu þeirra til þess.

Þroskahjálp vill einnig nota þetta tækifæri til að hvetja velferðarnefnd til að beita sér fyrir að staðið verði við **ályktun Alþingis varðandi fullgildingu valkvæðs viðauka við samning SP um réttindi fatlaðs fólks fyrir lok ársins 2017**. Þingsályktunin er frá 20. september 2016 og hljóðar svo:

Alþingi ályktar að heimila ríkisstjórninni fyrir Íslands hönd að fullgilda samning Sameinuðu þjóðanna um réttindi fatlaðs fólks, sem undirritaður var af hálfu Íslands 30. mars 2007. Þá ályktar Alþingi að valkvæður viðauki við samninginn skuli einnig fullgiltur fyrir árslok 2017.

Viðaukinn felur í sér mjög mikilvægar réttarbætur fyrir fatlað fólk, annars vegar kvörtunarleið fyrir einstaklinga til nefndar á vegum Sameinuðu þjóðanna um réttindi fatlaðs fólks og hins vegar leið fyrir nefndina til að rannsaka alvarleg eða kerfisbundin brot gegn samningnum, með samþykki viðkomandi aðildarríkis. Íslensk stjórnvöld undirrituðu valfrjálsa viðaukann við samning Sameinuðu þjóðanna um réttindi fatlaðs fólks um leið og þau undirrituðu samninginn sjálfan árið 2007. Valfrjálsa bókunin mælir fyrir um kæruleið fyrir einstaklinga og hópa sem telja að íslensk stjórnvöld hafi ekki veitt þeim þann rétt sem þeim ber samkvæmt samningnum og hafa árangurslaust nýtt þau úrræði sem þeir hafa samkvæmt íslenskum lögum og stjórnkerfi til að ná því fram sem þeir telja sig eiga rétt á samkvæmt samningnum. Eftirlitnefndin getur óskað upplýsinga frá ríkjum og beint tilmælum til þeirra. Með því að fullgilda valfrjálsu bókunina verður virkara aðhald með ríkjum um að framfylgja samningnum, réttaröryggi fatlaðs fólks meira og mannréttindi þess betur varin. Þess má geta að yfir 90 ríki hafa nú þegar fullgilt viðaukann.

Lögfesting samnings SP um réttindi fatlaðs fólks og fullgilding valkvæðs viðauka við hann eru mjög mikilvægir liðir í markvissri og fullnægjandi innleiðingu samningsins hér á landi.

Landssamtökin Þroskahjálp óska eftir að fá að koma á fund velferðarnefndar til að gera grein fyrir sjónamiðum sínum þegar nefndin tekur frumvarpið til meðferðar.

Virðingarfyllst,

Bryndís Snæbjörnsdóttir, formaður Þroskahjálpar.

Árni Múli Jónasson, framkvæmdastjóri Þroskahjálpar.